

Nr. 134 / 11 Sæljós GK 2**Vélarbilun og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 1315
Smíðaður: Akureyri 1973 Eik
Stærð: 23,9 brl. 26 bt.
Mesta lengd: 15,8 m Skráð lengd: 14,74 m
Breidd: 4,35 m Dýpt: 2,02 m
Vél: Scania 214 kW 1987
Fjöldi skipverja: 3



Sæljós ©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 31. október 2011 var Sæljós GK 2 á netaveiðum í Miðnessjó. Veður: NA 18-20 m/sek.

Vélarbilun kom upp og óskaði skipstjóri eftir aðstoð. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró bátinn til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að öxull í kælisjódælu (Jabsko) fyrir aðalvél bilaði. Ríflurnar á öxlinum höfðu hreinsast af og dæluhjolin hætt að snúast;
- að skipverjar töldu sennilegast að eitthvað, þarablað eða plastpoki hefði stíflað inntakið og þyngt snögglega á dælunni;
- að fram kom að sjódælan hefði öll verið yfirfarin u.þ.b. fyrir tveimur árum;
- að skipverjar kváðust ekki að hafa getað aftengt sjódæluna og tengt spúldæluna við vegna skorts á verkfærum og mikillar hreyfingar á bátnum;
- að ekki urðu aðrar skemmdir vegna þessa.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.